

Reykjavík, 10. febrúar 2021

**Umsögn við þingskjal 125 – 124. mál.
Tillaga til þingsályktunar um samfélagstúlkun**

Staða íslensks tákn máls og íslensku er skv. íslenskum lögum önnur en staða annarra tungumála, sbr. lög nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls. Það er því brýnt að sá starfshópur sem lagt er til að verði skipaður skoði stöðu íslensks tákn máls sérstaklega.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, sem er málstöð íslensks tákn máls, leggur áherslu á að sá starfshópur sem lagt er til að verði skipaður hafi náð samráð við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, Félag heyrnarlausra, Málnefnd um íslenskt tákn máls og Hugvísindasvið Háskóla Íslands (þar sem grunnnám í tákn málsfræði- og tákn málstúlkun er kennt) við mótun stefnu um eflingu samfélagstúlkunar. Þá leggur Samskiptamiðstöð áherslu á að við skipun starfshópsins sé tryggt að a.m.k. einn fulltrúi sé skipaður úr röðum þeirra sem starfa við ofangreindar stofnanir og/eða félög og hafi yfirgripsmikla þekkingu á málefnum íslensks tákn máls, stöðu þess og sögu tákn málstúlkunar.

Kristín Lena Þorvaldsdóttir,
forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar
heyrnarlausra og heyrnarskertra.